



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM AÐ EFLA VIRÐINGU KENNARASTARFSINS

Verður

Tillaga um að efla virðingu kennarastarfsins - Óbreytt

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 beinir því til stjórnar FG að beita sér fyrir því að efla virðingu fyrir kennarastarfinu bæði út á við og meðal félagsmanna.

Í vinnu vegna bókunar 1 í kjarasamningi grunnskólakennara 2016 komu fram áhyggjur kennara af því hversu umræða um kennarastarfið er neikvæð. Einnig kom fram að minni virðing er borin fyrir kennurum nú en áður. Fram kom að þessi umræða væri bæði hjá kennurum sjálfum og öðrum í samfélaginu. Þá hefur ítrekað komið fram hjá kennaranemum að viðhorf kennara til kennslunnar feli í sér fælingarmátt, einkum þegar kennarar hvetja kennaranema til að velja sér annan starfsvettvang.

Fundurinn beinir því til stjórnar FG að grípa strax til aðgerða til að efla ímynd kennarastarfsins bæði meðal kennara sem og annarra í þjóðfélaginu.

Commented [BG1]: Of stórt orð?